

## Starfsfræðsla í 10. bekk, áætlun 2018-2019

<b>Tími:</b>	<p>40 mínútur á viku, á mánudögum kl 12:55-13:35</p> <p>Að auki fara nemendur í starfskynningar og heimsóknir í fyrirtæki og skóla eins og tók eru á.</p> <p>Nemendur eru einnig velkomnir í viðtal til námsráðgjafa sem er í skólanum alla mánudaga í vetur. Þá gefst þeim tækifæri til að ræða nánar sín mál og fá aðstoð við upplýsingaleit um það nám sem þeir hafa áhuga á.</p>
<b>Umsjónar- maður</b>	<p>Arnheiður Dögg Einarasdóttir, náms- og starfsráðgjafi, <a href="mailto:arnheidur@skolamal.is">arnheidur@skolamal.is</a> / s. 8975107</p>
<b>Kennslu- hættir</b>	<p>Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla</p> <p>Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla; skal undirbúa nemendur undir frekara nám og störf með markvissri náms- og starfsfræðslu, víðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölpætt störf sem bjóðast í samfélaginu (Aðalnámskrá - almennur hluti 2011 - greinasvið 2013, bls 39).</p>
<b>Markmið í vetur</b>	<p><b>Sjálfspekking, viðhorf og virkni</b></p> <p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• þekki hlutverk náms- og starfsráðgjafa og viti að þjónusta þeirra og stuðningur stendur þeim til boða í grunn- og framhaldsskólum</li><li>• séu virkir í þekkingaröflun sinni, nýti sér tækifæri til að hafa áhrif á inntak fræðslunnar og hugleiði hvaða námi og störfum þeir vilji kynnast</li><li>• átti sig á gildum sínum og viðhorfum með tilliti til hvernig þau tengjast farsælum náms- og starfsferli</li><li>• átti sig á valmöguleikum sínum og hugleiði hvernig viðhorf og viðbrögð hafa áhrif á árangur og ánægju í lífi og starfi</li><li>• æfist í að sjá tækifærin í umhverfi sínu og hvernig með seiglu og jákvæðu viðhorfi hægt er að yfirvinna ýmsar hindranir</li><li>• kynnist áhugakönnunum og læri að lesa úr niðurstöðum þeirra</li><li>• fái val um að svara áhugakönnuninni Bendli 1 og kynnist því hvernig má nýta niðurstöður hennar til aukinnar sjálfspekkingar, en átti sig jafnframt á að við val þarf að huga að mörgum þáttum og að val og áhugi getur breyst, einkum með nýrri reynslu</li></ul> <p><b>Þekking á skólakerfinu og fjölbreyttum störfum í samfélaginu</b></p> <p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• þekki fjölbreytta möguleika í framhaldsnámi, þekki fjölbreytt störf í nærumhverfi sínu og velti einnig fyrir sér nýjum störfum og þörf fyrir störf í heimabyggð.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• æfist í að ræða um nám og störf (viðtalsverkefni)</li> <li>• hugleiði hvaða ólíku hæfni, færni og mannkosta störf krefjast</li> <li>• horfi á vinnumarkaðinn með tilliti til jafnréttis til náms- og starfa og varist að láta kynbundnar staðalímyndir móta viðhorf sitt.</li> <li>• læri aðferðir til að bera saman og meta valkosti og æfist í að beita þessum aðferðum við val á stað fyrir starfskynningu og við val á framhaldsskóla og námsbraut</li> <li>• velji sér áhugaverða staði til að heimsækja í náms- og starfskynningum, velti fyrir sér og skrái hjá sér hvaða upplýsinga þeir vilja afla í heimsóknum</li> <li>• viti hvert hlutverk sitt er á starfskynningastað og viti hvaða kröfur eru gerða um skil á verkefni um heimsóknirnar</li> <li>• vinni úr þeim upplýsingum sem þeir öfluðu í heimsóknum, æfist í að undirbúa kynningu og í að standa fyrir framan áhorfendur og segja frá</li> </ul> <p><b>Um vinnumarkaðinn, réttindi, skyldur, umsóknarferli o.fl.</b></p> <p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• æfist í að setja upp ferilskrá og æfist í að orða styrkleika sína, áhuga og gildi</li> <li>• læri að lesa launaseðla og fræðist um ráðningasamninga</li> </ul>
<p><b>Kennslu-aðferðir</b></p>	<p>Fjölbreyttar aðferðir verða nýttar til að ná þessum markmiðum, til dæmis: fyrirlestrar og verkefnavinna í tímum, heimsóknir ýmissa starfsstétta í starfsfræðslutíma, ferðir í fyrirtæki og stofnanir, heimsókn í framhaldsskóla og ferð á Starfamessu 10. apríl. Að auki fá nemendur þrjú starfskynningardaga og undirbúa þá daga með því að velja sér stað og semja um heimsóknina þangað. Nemendur vinna verkefni úr þeim upplýsingum sem þeir afla sér á starfskynningadögum og kynna fyrir samnemendum í 9. og 10. bekk.</p> <p>Nemendur eru hvattir til að vera virkir þátttakendur í mótun námskeiðsins t.d. með því að koma með hugmyndir að heimsóknum, velja fyrir sér og leita að stöðum sem þeir hafa áhuga á að heimsækja og koma undirbúnir í tíma með spurningar tengdar námi, störfum og öðru sem þeir vilja fá svör við.</p>
<p><b>Námsefni</b></p>	<p>Stuðst er við náms- og starfsfræðsluefnið <i>Stefnan sett, Margt er um að velja, og Watch (What alternative, thinking, coping, hoping)</i>. Einnig ýmsar vefsíður s.s. <a href="http://nemahvad.is">nemahvad.is</a>, <a href="http://naestaskref.is">naestaskref.is</a>, <a href="http://namogstorf.is">namogstorf.is</a> auk myndbanda af netinu, m.a. af vef ASÍ um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.</p>
<p><b>Námsmat:</b></p>	<p>Umsögn og einkunn er gefin í bókstöfum að vori. Þar liggur til grundvallar virkni, hegðun, þátttaka í tímum og heimsóknum, virkni og vinnusemi í að finna sér áhugaverðan stað til að heimsækja, gera forkönnun á starfi og fyrirtæki og setja niður spurningar sem nemandi vill fá svör við. 50% af einkunn.</p> <p>Unnin verða þrjú skilaverkefni: Viðtalsverkefni gildir 10% af einkunn, ferilskrá 10% og kynning á starfskynningastað 30%</p>